



HÁSKÓLI ÍSLANDS

BA-ritgerð í stjórnmálafræði

Úr fári kosninga í ritaðan sáttmála

Ferðalag stefnumála stjórnarflokka fyrstu ríkisstjórnar
Katrínar Jakobsdóttur í stjórnarsáttmálann

Sigurhjörtur Pálmason

Leiðbeinandi: Stefanía Óskarsdóttir, dósent
Febrúar 2022

STJÓRN MÁLAFRÆÐI DEILD

Úr fári kosninga í ritaðan sáttmála
Ferðalag stefnumála stjórnarflokka fyrstu ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur
í stjórnarsáttmálann.

Sigurhjörtur Pálmason

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórn málafræði

Leiðbeinandi: Stefanía Óskarsdóttir, dósent

Stjórn málafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Febrúar 2022

Úr fári kosninga í ritaðan sáttmála.

Ritgerð þessi er 12 eininga lokaverkefni til BA-gráðu við Stjórn málafræðideild á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands.

© 2022 Sigurhjörtur Pálmason

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Reykjavík, 2022

Formáli

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu við stjórn málafræðideild Háskóla Íslands. Ritgerðin er metin til 12 eininga (ECTS) af 120 eininga námi í stjórn málafræði og 60 eininga aukagrein í mannfræði. Hún var unnin á haustmisseri 2021 fyrir brautskráningu í febrúar 2022. Leiðbeinandi ritgerðarinnar var Stefanía Óskarsdóttir og fær hún mínar allra bestu þakkir fyrir góða handleiðslu og ábendingar sem nýttust vel á meðan skrifum stóð. Einnig vil ég þakka móður minni, Sigrúnu Sól Ólafsdóttur fyrir öll þau skipti sem prófarkalestur átti sér stað í ferlinu. Kærustu minni, Lindu, samnemendum og samstarfsfólki vil ég þakka líka fyrir andlegan stuðning og pepp á meðan skrifin áttu sér stað.

Útdráttur

Fyrir alþingiskosningarnar árið 2017 stunduðu stjórnámálflokkarnir á Íslandi öfluga kosningabaráttu. Voru flokkarnir með allskyns stefnumál í ótal málaflokkum og var talsverður munur á milli flokkanna um hverju þeir vildu breyta og hvað þeir vildu bæta varðandi líf fólks á Íslandi og samskipti við umheiminn. Eftir kosningar var mynduð ný ríkisstjórn og samanstóð hún af Sjálfstæðisflokknum, Vinstrihreyfingunni – grænu framboði og Framsóknarflokknum. Síðan var kynntur stjórnarsáttmáli þar sem farið var yfir hvaða mál ríkisstjórnin ætlaði sér að taka fyrir á kjörtímabilinu. Forvitnilegt er að skoða hvernig svo ólíkir flokkar geti unnið saman í ríkisstjórn og hvað því fylgi þegar slíkt á sér stað.

Í þessari ritgerð er skoðuð stefna stjórnarflokkanna í kosningunum 2017 og hvernig þau stefnumál lifðu áfram yfir í stjórnarsáttmálann. Einnig eru þau stefnumál skoðuð sem ekki lifðu stjórnarmyndunarviðræðurnar af og komust því ekki í sáttmálann. Kenningar um hvata flokka líkt og stefnusækni, kjörsækni og stjórnsækni eru skoðaðar og einnig kenningar um samsteypustjórnsmál til að reyna bæta skilning á efninu og hjálpa til við greiningu á atburðarrásinni. Markmið ritgerðarinnar er að skoða hvaða mál komust í stjórnarsáttmálann og hver ekki, sem og hver hvati flokkanna hafi verið í samsteypuferlinu. Helsta niðurstaða ritgerðarinnar er að hvati flokkanna þriggja hafi fyrst og fremst verið stjórnsækinn, og að hinn hugmyndafræðilegi munur sem var á flokkunum hafi haft neikvæð áhrif á hugmyndafræðilegt innihald stefnumála þar sem flokkarnir þurftu að semja frá sér sum af sínum helstu stefnumálum.

Efnisyfirlit

Formáli.....	4
Útdráttur	5
1 Inngangur	7
2 Kenningar og rannsóknir	9
2.1 Hvatar flokka	10
2.2 Hlutverk flokka í samsteypustjórnámum	12
2.3 Samantekt	15
3 Stefna í kosningum	16
3.1 Sjálfstæðisflokkurinn.....	16
3.2 Framsóknarflokkurinn (Framsókn).....	18
3.3 Vinstrihreyfingin – grænt framboð (VG)	20
3.4 Samantekt	23
4 Úr fári kosninga í ritaðan sáttmála	24
4.1 Samantekt	31
5 Niðurstaða	32
Heimildaskrá.....	37

1 Inngangur

Flokkakerfið á Íslandi hefur tekið breytingum á seinustu árum, sem hefur haft áhrif á alþingiskosningar og ríkisstjórnarmyndun. Áður ríkti fjórflokkurinn, en í dag hefur flokkum fjölgað svo um munar. Gerir það ríkisstjórnarmyndun mögulega flóknari en áður, sérstaklega ef haft er í huga að fjölbreytnin í stærð flokkanna bætir við enn einni breyту í ferlið. Stefnumál þeirra fara á flug og hefst þá púsluspil flokka um hvort samstarf sé mögulegt. Þeir mynda ríkisstjórnir með öðrum flokkum og má gera ráð fyrir að samstarfsflokkar geti verið ósammála um margt. Ef mynda á ríkisstjórn er mikilvægt að komast að málamiðlunum um hina ýmsu hluti. Ferlið sem fer af stað við ríkisstjórnarmyndun er fólki hulið og margir velta því fyrir sér hvað gerist bakvið luktur dyr stjórn mála fólksins. Skyldi flokkurinn sem þú kaust semja frá sér ráðuneyti sem sér um þann málaflokk sem stendur hjarta þínu næst? Kaustu flokk vegna hægri fjármálastefnu hans, en svo fer hann í ríkisstjórn með vinstri flokki sem gerir nákvæmlega það sem þú vildir alls ekki að myndi gerast? Það sem gerist í þessu óræða samsteypuferli snertir líf almennra borgara og því er ansi forvitnilegt að skoða það nánar.

Í þessari ritgerð er leitast eftir að svara spurningum um flokka á Íslandi, hvaða mál þessir flokkar leggja áherslu á og svo hvað verður um þessar áherslur þegar komið er að því að mynda samsteypustjórnir. Hvaða mál komust inn í stjórnarsáttmálann og hvaða mál urðu eftir fyrir utan. Leitað verður einnig eftir svári við þeirri spurningu hver hvati flokkanna sé þegar tekið er þátt í samsteypuferlinu. Þetta verður skoðað með því að taka fyrir ríkisstjórnina sem var við völd á árunum 2017-2021 og beita stjórnarmyndunarkenningum og kenningum um hvata flokka til þess að reyna varpa ljósi á atburðina sem áttu sér stað að loknum kosningum árið 2017.

Í öðrum kafla eru fyrst skoðaðar kenningar sem hjálpa okkur að skilja mismunandi hvata flokka; það eru kenningar um stjórnsækni, stefnusækni og kjörsækni. Fjallað verður um tímaramma flokka og hvernig hann skiptir máli við að greina markmið og hvata þeirra. Síðan verða samsteypustjórnarmál kynnt, grunnurinn í þeim fræðum og ferlið sem í þeim felst. Einnig verður samningakenningin skoðuð, sem fjallar um stærð meirihluta ríkisstjórna og hvers vegna meirihlutinn skiptir máli. Flokkshollustukenningin verður

einnig skoðuð og hlutur hennar í að útskýra hvernig hugmyndafræði stjórnarflokka hefur áhrif á stefnu ríkisstjórna.

Í þriðja kafla verða skoðaðar stefnumálaskrár stjórnarflokkanna þriggja fyrir kosningarnar 2017. Eru það Sjálfstæðisflokkurinn, Framsóknarflokkurinn og Vinstrihreyfingin - grænt framboð sem mynduðu þá stjórn (Stjórnarráð Íslands Ráðuneyti Katrínar Jakobsdóttur). Mikilvægt er að skoða stefnumál flokkanna til þess að geta skilið áherslur þeirra og hugmyndir áður en gengið var að samningaborðinu fyrir ríkisstjórnarmyndunina.

Í fjórða kafla verður farið yfir stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar á árunum 2017-2021 og hann skoðaður með stefnumálin úr kosningunum til samanburðar. Verður hver og einn kafli í honum greindur, litið er á frá hvaða flokki stefnumálin í honum eru komin og hvað rataði ekki inn í hann sem var í stefnu stjórnarflokkanna fyrir kosningarnar.

Í fimmta kafla verður farið yfir niðurstöður ritgerðarinnar, lagt mat á hvaða flokkar það voru sem náðu mestum hluta stefnu sinnar inn í stjórnarsáttmálann og fjallað um kenningarnar og þær notaðar til þess að greina samsteypuferilinn og hvata flokkanna í honum.

2 Kenningar og rannsóknir

Til þess að geta skoðað og greint hegðun flokka og áherslur íslenskra ríkisstjórna er mikilvægt að gera sér grein fyrir landslaginu í hinum fræðilega heimi kenninga og rannsókna. Kenningar veita okkur leið til að greina ferli og atburði á skipulagðan og uppbyggilegan hátt. Til eru kenningar sem mögulega hjálpa okkur að skilja hvers vegna flokkar gefa frá sér ákveðna málaflokka þegar komið er að því að mynda ríkisstjórn. Þó nokkur fræðirit hafa verið skrifuð um málefni samsteypuríkisstjórna og flokksáherslur. Áður en er farið er dýpra í kenningafræðin er þó mikilvægt að útskýra hugtakið samsteypustjórnsmál.

Michael Laver og Norman Schofield tala um kjarna samsteypustjórnsmála í Vestur-Evrópu, í bók sinni *Multiparty Government: The Politics of Coalition in Europe*. Þar segja þeir að samsteypustjórnsmál einkennist af sérstakri gerð samningaviðræðna, sem má finna eftir nær allar kosningar þar sem enginn einn flokkur fær nógu mikið fylgi til að mynda eins flokks stjórn. Að þeirra mati er kjarni samsteypupólitíkur samskiptin á milli löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins þar sem framkvæmdarvaldið þarf stuðning löggjafarvaldsins til þess að halda völdum, á þeim tíma sem enginn flokkur vinnur meirihluta (Laver og Schofield 1992, 2).

Mikilvægt er líka að gera grein fyrir hvernig hlutir ganga fyrir sig á Íslandi gagnvart framkvæmdarvaldinu. Á Íslandi ber ríkisstjórnin lýðræðislega ábyrgð á störfum framkvæmdarvaldsins og þarf umboð þingsins til að starfa. Kjósendur á Íslandi kjósa flokka inn á þing, en kjósa ekki sérstaklega í stöður ráðherra, ólíkt forsetaræðisríkjum líkt og í Bandaríkjunum, þar sem er kosið í stöðu forseta sem fer fyrir framkvæmdarvaldinu (Kristinsson 2007, 185). Einnig er mikilvægt að geta skilgreint og lagt mat á hlutverk flokka. Stjórnsmálaflokkar þjóna mikilvægu hlutverki í nær öllum lýðræðisríkjum. Þeir eru vettvangur lýðræðisþátttöku, vinna að samþættingu hagsmuna í samfélaginu í stefnupakka, þeir velja fólk til pólitískrar forystu og virka sem valkostur fyrir kjósendur um það hver fer með hlutverk ríkisvaldsins (Kristinsson 2007, 89-99).

2.1 Hvatar flokka

Strøm og Müller fjalla um í kafla sínum, í *Policy, Office, or Votes?: How Political Parties in Western Europe Make Hard Decisions* (Müller og Strom 1999, 3), um flokka og hlutverk þeirra í fulltrúalýðræði samtímans. Þeir bera upp spurningar um hvernig leiðtogar stjórnmálaflokka velja á milli mismunandi markmiða og hvernig slíkar ákvarðanir eru bundnar. Þeir segja að stjórnmálaflokkar hafi verið mikið rannsakaðir, en markmið þeirra og hegðun hafi ekki fengið jafn mikla athygli. Þó hafi rannsóknir síðustu ára fært okkur módel til að skilja hegðun flokka. Það gerir ráð fyrir að flokkar hafi lítið og afmarkað safn af markmiðum og ef þau eru sett fram á einfaldan hátt, má flokka þau sem *stjórnsækni* (e. office-seeking), *stefnusækni* (e. policy-seeking) og *kjörsækni* (vote-seeking).

Stjórnsæknir flokkar reyna að hámarka stjórn sína á þeim ágóða sem hlýst af pólitísku embætti; þeim einkagæðum (e. private goods) sem veitt eru móttakendum ríkisembætta. Markmið flokka er yfirleitt að vinna og að vinna þýðir að stjórna framkvæmdarvaldinu, eða eins stórum hluta þess og hægt er. Strøm og Müller segja að þegar greina á hvort gjörðir flokka falli undir stjórnsækni, þurfi að spyrja hvort hegðun flokksins sé ætlað að auka stjórn flokksins á þeim fríðindum sem hljóttast af stjórnarsetu, þó að það þýði að flokkurinn þurfi að gefa frá sér stefnumál eða fórna velgengni í komandi kosningum. Einnig má líta á það svo, að gildi þess að stjórna ráðuneytum felist í þeirri getu að hafa áhrif á stefnumál. Stjórnsæknir flokkar sækjast í embætti af mismunandi ástæðum. Leiðtogar flokka geta sóst í að vera í ríkisstjórn í von um þau fríðindi sem því fylgja: að hafa áhrif á opinbera stefnu, eða til þess að þeir geta vakið áhuga og stuðning kjósenda með því að notfæra sér gagnsemi þess að vera í ríkisstjórn. (Müller og Strom 1999, 5–6).

Kjörsæknir flokkar reyna að hámarka fylgi sitt í kosningum, til þess að stjórna framkvæmdarvaldinu. Müller og Strøm vitna í Downs, þar sem hann segir að flokkar myndi stefnumál til þess að sigra í kosningum, í stað þess að vinna kosningar til að mynda stefnumál (Müller og Strom 1999, 8).

Stefnusæknir flokkar reyna að hámarka áhrif sín á opinbera stefnu. Stefnusækna módelið gerir ráð fyrir að samsteypur séu myndaðar af flokkum sem eru í eðli sínu með skyld stefnumál og að flokkar reyni að hafa stefnubilið (e. policy-range) sem minnst milli sín og samstarfsaðila. Samkvæmt Müller og Strøm einkennist stefnusækni í því að taka afstöðu í ýmsum málaflokkum, og þá einnig í stefnuviddum (policy dimension) í opinberri

stefnu. Árangur flokka í baráttu fyrir sínum málum veltur á hæfni flokkanna í að breyta opinberri stefnu svo að hún passi við þeirra afstöðu í málunum, eða að koma í veg fyrir óæskilegar breytingar á stefnu. Þó getur það komið upp að flokkar þurfi að fórna stefnumálum þegar þeir eru beðnir um að styðja frumvörp sem víkja frá stefnu þeirra. Gerist það helst þegar þegar flokkar eiga í stjórnarmyndunarviðræðum (Müller og Strom 1999, 7–8).

Stjórnmálaleiðtogar gera sér grein fyrir því að ekki er alltaf hægt að koma öllum stefnumálum sínum í gegn á sama tíma. Ef aðferð sem beitt er til að koma einu stefnumáli í gegn virkar, þá er ekki þar með sagt að hún hafi sömu áhrif á annað mál. Í ákveðnum tilfellum kemur stefnusækni í veg fyrir velgengi í komandi kosningum. Müller og Strøm segja að dæmi séu til um það að flokksleiðtogar komist að þeirri niðurstöðu að minnkun á fylgi sé komin á það stig að ekki sé hægt að halda stjórnarsamstarfi áfram (Müller og Strom 1999, 9).

Til þess að hægt sé að ræða málamiðlanir og hinn málefnalega fórnarkostnað sem fylgir stjórnarsamkomulagi og samsteypustjórnmálum, þarf að skoða tímaramma flokksleiðtoganna. Müller og Strøm nefna mismunandi tímaramma sem má finna milli ólíkra flokka. Flestir flokkar gera áætlanir varðandi næstu kosningar, sem eru yfirleitt nokkur ár eða mánuði fram í tímann. Sumir flokkar hugsa þó lengra fram í tímann og eru þolinmóðari gagnvart því að koma sínum stefnumálum að. Flokkar sem mótast í kringum tiltekin skammtíma-stefnumál eiga það til að vera óþolinmóðari og leiðtogar flokksins hafa lítið rými til að fresta því að stefnumálið verði að veruleika. Geta því tímarammar flokka haft áhrif á málamiðlanir og þann fórnarkostnað sem þeir eru tilbúnir til að horfast í augu við þegar kemur að samningaborðinu. Forystumenn flokka sem eru með styttri tímaramma gætu verið líklegri til að taka á sig fleiri kosningaskuldbindingar, sérstaklega ef kosningar eru ekki í náinni framtíð. Ef gert er ráð fyrir því að kjörsækni sé hjálpleg forystumönnum flokka, hlakka þeir óhjákvæmilega til framtíðarávinnings þegar þeir taka þátt í kosningum, taka undir ákveðin málefni eða eigna sér heiður einhvers ákveðins málefnis í kosningaskyni. Besta leiðin til að greina tímaramma er að skoða að hve miklu leyti flokksforystumenn eru uppteknir af slíkri eftirvæntingu að mati Müller og Strøm. Því meira sem leiðtogar flokka leggja áherslu á framtíðina, því líklegri eru þeir til þess að vilja fresta öðrum ágóða stjórnarsetu í von um velgengi í kosningum (Müller og Strom 1999, 10–11).

Til þess að fá almennari mynd af hegðun stjórnmalaflokka er hægt að gefa sér þá forsendu að flokkar gætu sóst í öll þau þrjú markmið sem voru útskýrð hér að framan; stefnumál, kjör og stjórnvald. Müller og Strøm segja að flokkar sækist yfirleitt í öll þrjú markmiðin og að stjórnsækni, kjörsækni og stefnusækni séu þrjú óháð hegðunarmynstur sem flokksforystumenn taka þátt í.

2.2 Hlutverk flokka í samsteypustjórnmalum

Í bók Sebastian Hartmann, *Partisan Policy-Making in Western Europe: How Ideology Influences the Content of Government Policies*, fjallar hann um að margoft hafi verið rannsakað hvað ríkisstjórnir ætli að gera út frá stefnuyfirlýsingum þeirra og einnig að stjórnarsáttmálar hafi verið rannsóknarefni áður. Hins vegar segir hann að það hvað ríkisstjórnir framkvæmi í raun og veru í sinni stjórnartíð og hvort það samræmist stefnu þeirra og hugmyndafræði hafi ekki verið mikið rannsakað. Slíkar rannsóknir eru þó mikilvægar til þess að meta hvort það sé raunverulegur munur á stefnumálum ríkisstjórnar þar sem hugmyndafræði stjórnarflokkana er ólík (Hartmann 2015, 16-17). Rannsókn Hartmann miðaði að því að athuga hvort stefnumál sem kynnt voru til sögunnar af ríkisstjórnnum þar sem hugmyndafræðilegur bakgrunnur stjórnarflokkana var ólíkur, séu einnig mismunandi hvað hugmyndafræðilegt innihald þeirra varðar. Byggði rannsókn hans á flokkshollustukenningunni (e. partisan theory) sem heldur því fram að hugmyndafræði flokks skipti máli hvað varðar pólitískt innihald stefnumála ríkisstjórna. Af þessari kenningu má draga þá ályktun að hugmyndafræði flokks hefur einnig áhrif á tiltekið innihald stefnumála (Hartmann 2015, 17). Einnig má gera ráð fyrir því, út frá samsteypukenningum, að samsteypur, minnihlutar, mikill munur á hugmyndafræði og aðrir slíkir þættir, hafi neikvæð áhrif á hugmyndafræðilegt vægi stjórnarflokkana við gerð stefnumála innan ríkisstjórnarinnar. (Hartmann 2015, 18).

Í þingræðisríkjum einkennist myndun samsteypustjórna af stjórnmalaflokkum. Strøm og Nyblade segja að í hverjum einasta kafla í lífi ríkisstjórna séu ákvarðanir þeirra afleiðing samningagerðar (e. bargaining). Afrakstur þess mótast ekki einungis af samningaviðræðum sem hafa átt sér stað áður fyrr, sem í kjölfarið hafa áhrif á fjármagnsumsvif ráðuneyta og höft á starfsemi þeirra, heldur einnig af þeirri staðreynd að samningaviðræður eiga sér stað í skugga komandi kosninga sem og stöðugri ógn pólitískra andstæðinga (Strøm og Nyblade 2009, 1:2).

Strøm og Nyblade segja einnig og vitna í Riker, að hin klassíska nálgun á samsteypur sé í gegnum samningakenninguna (e. bargaining-theory), sem byggir á leikjafræði. Þar er gert ráð fyrir að þegar komið er að því að mynda samsteypustjórn koma aðilar að samningaborðinu með það markmið að mynda sem minnstan meirihluta til að það séu færri aðilar til að skipta gæðunum sín á milli (Strøm og Nyblade 2009, 1:10). Byggir þessi regla á tveimur meginatriðum: Annars vegar á „herkænsku-reglunni“ (e. strategic-principle) sem segir að minnihlutasamsteypur búi yfir hvata til þess að bæta við sig meðlimum: Því að meirihluti þingsins sem er útilokaður frá ríkisstjórn býr bæði yfir þeim möguleika og hvata til þess að velta úr sessi minnihlutastjórninni. Hins vegar er jafnvægisleysis-reglan sem segir að meðlimir of mikillar meirihlutastjórnar séu líklegir til að finnast að gæðum ríkisstjórnarinnar sé dreift á of margar hendur og því kjósa þeir að losa sig við óþarfa meðlimi úr stjórninni (Strøm og Nyblade 2009, 1:10). Niðurstaða Strøm og Nyblade er því að náttúrulegt jafnvægi megi finna í þeirri aðferð að mynda sem minnstan meirihluta. Ef mynduð er minnihlutastjórn er alltaf hættu á því að ríkisstjórnin falli ef hinn „útilokaði meirihluti“ sér eitthvað athugavert við atferli ríkisstjórnarinnar. Ef hins vegar mál fara á þann veg að of stór meirihluti er myndaður, þá er líklegra að mikil hreyfing verði á mannafla innan ríkisstjórnarinnar sem gæti haft áhrif á skilvirkni í starfi ríkisstjórnarinnar. Einnig eykur það líkurnar á að fleiri flokkar séu hluti af ríkisstjórninni, sem gæti valdið hugmyndafræðilegum ágreiningi, sem og hærri hugmyndafræðilegum fórnarkostnaði.

Hefð samsteypustjórn mála á Íslandi einkennist af áherslu á meirihlutastjórnir og sókn í ríkisstjórnarembætti. Flokkar á Íslandi ganga almennt óbundnir til kosninga, og því er oft erfitt að spá fyrir um hvaða flokkar enda í ríkisstjórn. Gunnar Helgi Kristinsson segir í bók sinni, *Íslenska stjórnkerfið*, að stjórnarmyndun fari oft fram við þau skilyrði að lítið traust sé á milli flokkanna og að hver og einn reyni að tryggja sér örugga og góða stjórnarsetu. Ber hann einnig stöðu íslenskra kjósenda saman við stöðu skandínáviskra kjósenda. Í nágrannaríkjum Íslands er augljósara hvernig samsteypupúslið muni líta út fyrir kosningar en hérlendis, þar sem flokkar þar hafa myndað einsskonar blokkir með öðrum flokkum sem enda saman í ríkisstjórn sé þingmeirihluti á bakvið þá blokk (Kristinsson 2007, 187). Segir Gunnar Helgi einnig að val á ráðherrum eftir kosningar geti verið ansi flókið mál þar sem ágreiningur geti myndast þar sem mörg ólík sjónarmið takist á. Segir hann að „margháttaðar óformlegar reglur“ séu til staðar í flokkunum og að

„túlkun þeirra sé oft blönduð sterkum skammti af eiginhagsmunum“ (Kristinsson 2007, 191).

Í bókinni, *Puzzles of Government Formation: Coalition Theory and Deviant Cases*, skrifa Patrick Dumont, Lieven De Winter og Rudy B. Andeweg um samsteypukenningar og púsluspilið sem verður til við stjórnarmyndunarviðræður. Þau segja, og vísa í Laver, að pólitískri samkeppni sé oft lýst og teiknuð upp sem val á milli ríkisstjórna. Í kerfum þar sem framkvæmdarvaldið vinnur í umboði löggjafarvaldsins, eins og raunin er í þingræðisríkjum, er stjórnarmyndunarferlið gífurlega mikilvægur hluti af lýðræðislegum stjórnarháttum. Í því felst að færa kosninga- og þingbundið vald yfir í framkvæmdarvaldið, og þann möguleika að leggja fram stefnumál sem hafa verið lýðræðislega studd og gerð gild af kjósendum (Andeweg, Winter, Dumont 2011, 1). Dumont, Winter og Andeweg (2011, 1) segja að afrakstur samsteypuferlisins velti á ýmsum þáttum. Má nefna sem dæmi ráðstöfun ráðherraembætta eða innihaldsefni stjórnarsáttmálans, þar sem hið síðarnefnda er afrakstur viðræðna samstarfsfélaga sem samþykktu að mynda samsteypu og gerir það hina flokkspólitísku samsetningu samsteypunnar gífurlega mikilvægan hluta af lokaniðurstöðu ferlisins. Fimm áratugir af rannsóknum leikjafræðinga og samanburðarstjórn málafræðinga hafa leitt til þess að þetta svið rannsókna; hvers vegna sumar samsteypur verða til en aðrar ekki, er vel mótað. Þó segja þau að rannsóknarvettvangurinn sé ekki nægjanlega góður, þar sem gífurlega umfangsmikið tölfræðilegt líkan, sem sameinar tvo tugi breytna úr allskyns kenningarskólum, getur aðeins skýrt minna en helming raunverulegra ríkisstjórnarmyndana í V-Evrópu eftir árið 1945 (Andeweg, Winter, og Dumont 2011, 1).

Í bókinni, *Parties without Partisans: Political Change in Advanced Industrial Democracies*, er skoðuð fylgni á milli flokksbundinna áhrifa innan ríkisstjórna og ýmissa mælikvarða á útkomu stefnumála (Dalton 2002, 272). Kaflinn um þessi mál var skrifaður af Caul og Grey og segja þeir að rannsóknir bendi til þess að áhrif flokka á stefnumál séu lítil, ef þau eru greind með samanlögðum upplýsingum fjárlaga og efnahagsins. Segja þeir einnig að flokksstjórn tengist lítið hinum ýmsu mælikvörðum á mótun stefnumála og að það hafi ekki verið kerfisbundin breyting á þessum áhrifum í gegnum tíðina. Segja þeir að stærstu sveiflur í stefnumálum stafi af umfangsmiklum alþjóðaaðstæðum, frekar en úrslitum síðustu innanlandskosninga. Michael Thies segir í sínum kafla í bókinni að flokkar þjóni enn mikilvægu hlutverki í stjórnarferlinu. Byggir hann þá yfirlýsingu á því að

stjórnmalaflokkar þjóni hlutverkum innan stjórnarferlisins sem aðeins þeir geti gegnt. T.d. hafi flokkar þróast sem stofnanir til þess að móta kosningarferlið vegna þess að þeir voru einstaklega skilvirkir og afkastamiklir í því hlutverki (Dalton 2002, 272).

2.3 Samantekt

Í þessum kafla hefur verið farið yfir kenningar Strøm og Müller um stjórnsækni, stefnusækni og kjörsækni og sýna þær að hægt er að nota kenningarnar til að greina hvata flokka og einnig er hægt að nýta greiningu á tímaramma flokka til að meta hversu hár fórnarkostnaðurinn má vera þegar gengið er að samningaborðinu. Kenning Hartmanns um hugmyndafræðilegt vægi flokka innan ríkisstjórna, kenningar Strøm og Nyblade um stærð meirihlutaríkisstjórna og samningaviðræður flokka nýtast vel sem tæki til að skoða stjórnarsáttmálann og mögulega geta kenningarnar gefið innsýn og skilning á því hvers vegna atburðarrásin var sú sem kom í ljós í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur.

3 Stefna í kosningum

Til þess að geta skilið ferlið sem stefna flokka fer í gegnum við stjórnarmyndun er sniðugt að skoða hvernig það hefur gengið fyrir sig áður. Í þessum kafla verður ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur skoðuð. Ríkisstjórnin tók við þann 30. nóvember árið 2017 og samanstóð hún af Sjálfstæðisflokki, Framsóknarflokki og Vinstrihreyfingunni - grænu framboði (Stjórnarráð Íslands Ráðuneyti Katrínar Jakobsdóttur). Þetta eru þrjú flokkar sem allir voru með sín mál og áherslur í kosningunum fyrir stjórnarmyndunina. Til þess að hægt sé að fara yfir stefnumálin á skipulagðan hátt verður fyrst farið yfir hvern flokk fyrir sig, síðan verður farið yfir stjórnarsáttmálann sjálfan og skoðað hvern flokka stefnumál hafa fundið leið sína í stefnusáttmálann.

3.1 Sjálfstæðisflokkurinn

Í kosningunum árið 2017 voru kosningaáherslur Sjálfstæðisflokksins í grunninn að lækka skatta á almenning og fyrirtæki, byggja upp innviði í heilbrigðiskerfinu, samgöngum og menntakerfinu. Einnig vildi hann koma af stað átaki í geðheilbrigðismálum og hækka frítekjumark. Flokkurinn ætlaði að lækka tekjuskatt og tryggingagjald og tryggja 100 milljarða króna í uppbyggingu samgöngukerfis og menntakerfis. Tók flokkurinn sérstaklega fram á heimasíðu sinni árið 2017 að peningurinn myndi einnig nýtast í heilbrigðiskerfið og þá sérstaklega uppbyggingu Landspítalans. Einnig stóð í stefnu flokksins að styrkja ætti stöðu spítalans sem rannsókn- og kennslusjúkrahúss, efla fjarheilbrigðisþjónustu og nýta upplýsinga- og samskiptatækni betur. Sjálfstæðisflokkurinn ætlaði að styðja við ungt fólk á húsnæðismarkaði með því að lækka byggingarkostnað og tryggja aukið framboð á lóðum og íbúðum. Skattalegir og vaxtalegir hvatar til sparnaðar áttu einnig að standa undir útborgun við fyrstu kaup (Sjálfstæðisflokkurinn Kosningaáherslur Sjálfstæðisflokksins).

Sjálfstæðisflokkurinn vildi styrkja fjárhagslega stöðu öryrkja með börn í námi og hækka greiðslur í fæðingarorlofi, þannig að hámarksgreiðslur út fæðingarorlofssjóði fari ekki undir meðallaun á almennum vinnumarkaði. Námsmannastyrkir áttu að verða að styrkjum upp að vissu marki, ekki bara lán eins og almennt hafði tíðkast. Styrkir áttu að vera 65.000 á mánuði og lán ofaná það að fullri framfærslu. Flokkurinn ætlaði að efla nýsköpun og rannsóknir með því að nota 3 milljarða á hverju ári í þann málaflokk (Sjálfstæðisflokkurinn Kosningaáherslur Sjálfstæðisflokksins).

Í umhverfismálum vildi flokkurinn gera Ísland að leiðandi þjóð. Fylgja ætti metnaðarfullum markmiðum og gæta jafnvægis milli nýtingar og náttúru. Síðast en ekki síst ætlaði flokkurinn að koma á fót þjóðarsjóði í þágu kynslóðanna. Hugmyndafræði sjóðsins hljóðaði svo að arðurinn af orkuauðlindum í eigu ríkisins renni í þjóðarsjóðinn, og að hann verði sveiflujafnandi fyrir efnahagslífið. Sjóðurinn átti að koma í veg fyrir ofhitun þegar vel gengi og tryggja að komandi kynslóðir fengju hlutdeild í arði af sameiginlegum auðlindum landsins (Sjálfstæðisflokkurinn Kosningaáherslur Sjálfstæðisflokksins).

Í ferðamálum vildu sjálfstæðismenn stuðla að uppbyggingu ferðamannastaða um allt land, svo hægt væri að laða aukinn fjölda ferðamanna að fleiri stöðum og fjölga endurkomu þeirra. Sjálfstæðisflokkurinn ítrekaði í stefnuskrá sinni að virða ætti eignarétt á landi. Gæta þyrfti að náttúruperlum landsins og að heimila ætti gjaldtöku til að vernda og stýra aðgangi ferðamanna að viðkvæmum svæðum. Sögðu sjálfstæðismenn að skynsamleg og hagkvæm nýting náttúruauðlinda væri best tryggð með því að nýtingar og afnotaréttur væri í höndum einkaaðila (Sjálfstæðisflokkurinn Ferðamál).

Í hluta stefnu sinnar sem fjallaði um lög og rétt, ítrekaði Sjálfstæðisflokkurinn sín gildi sem grundvölluðust á frelsi og ábyrgð, jafnrétti og samkennd, sem og að stefna flokksins væri frjálslynd framfarastefna. Einstaklingsfrelsi, atvinnufrelsi og séreignaréttur var í hávegum hafður með hagsmuni allra fyrir augum. Sjálfstæðisflokkurinn sagði að tryggja ætti lögreglunni meira fjármagn, sem og landhelgisgæslunni, til að halda uppi lögum og reglu og að koma til bjargar á sjó og landi (Sjálfstæðisflokkurinn Lög og réttur).

Í málefnum ríkisfjármála ætlaði flokkurinn að koma böndum á frekari útpenslu hins opinbera, draga úr umsvifum ríkisins og setja grunnþjónustu í forgang. Markmið flokksins voru að opinber útgjöld yxu ekki umfram vöxt landsframleiðslunnar og að hreinar skuldir ríkissjóðs yrðu engar árið 2025. Einnig vildi Sjálfstæðisflokkurinn losa um ýmsar ríkiseignir, vegna þess að ríkið hafði eignast mörg fyrirtæki sem flokknum fannst óviðkomandi hlutverki ríkisvaldsins. Vildi flokkurinn almenningsvæða stóran eignarhluta ríkisins í stærri bönkunum til þess að eignarhald almennings yrði milliliðalaust (Sjálfstæðisflokkurinn Ríkisfjármál).

Í málefnum hælisleitenda vildi Sjálfstæðisflokkurinn hafa mannúðarsjónarmið og skilvirkni að leiðarljósi. Sagði flokkurinn að Ísland, líkt og önnur lönd, tæki á móti fólki á flóttu og að móttaka flóttafólks væri sjálfsögð. Segir hann einnig að „taka þarf vel á móti

þeim sem leita hælis á Íslandi og eiga rétt á því að komast í skjól frá stríðsátökum og brýnni neyð“ (Sjálfstæðisflokkurinn Málefni útlendinga). Flokkurinn segir að mikill árangur hafi náðst við styttingu málsmeðferðar við meðferð umsókna um alþjóðlega vernd og við að hraða brottför þeirra sem sækja um af tilhæfulausu. Einnig segir í stefnu Sjálfstæðisflokksins að það auðgi víðsýni og samskipti einstaklinga í fjölmeningarsamfélagi, sé þar mannauður og fjölbreytt reynsla. Taka ætti vel á móti fólki sem vilji flytja til Íslands og ætti það að njóta tækifæra á við aðra (Sjálfstæðisflokkurinn Málefni útlendinga).

Sjálfstæðisflokkurinn vildi að Ísland myndi beita sér fyrir frjálsum viðskiptum á alþjóðavettvangi. Einnig vildi hann bæta tengslin við Bretland vegna áætlana þess um að segja sig úr Evrópusambandinu, og að gera fríverslunarsamning við Bandaríkin. Flokkurinn var andvígur inngöngu í Evrópusambandið og taldi að aðildarviðræður ættu ekki að hefjast nema ef kosið væri um það í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þó kom skýrt fram í stefnu flokksins árið 2017 að Evrópa væri helsta markaðssvæði Íslands og mikilvægt væri að tryggja aðgang Íslands að innri markaði Evrópusambandsins í gegnum EES. Sjálfstæðisflokkurinn var fylgjandi aðild Íslands að NATO og taldi öryggi Íslands best tryggt með aðild að því, sem og með varnarsamningi við Bandaríkin (Sjálfstæðisflokkurinn Utanríkismál).

3.2 Framsóknarflokkurinn (Framsókn)

Framsóknarflokkurinn lagði mesta áherslu á málefni ungs fólks, efnahagsmál, málefni aldraðra og innviðauppbýggingu árið 2017. Helsta áhersla þeirra í efnahagsmálum var að fjarlægja húsnæðisliðinn úr vísitölu neysluverðs og þar með banna verðtryggingu húsnæðislána. Var áætlunin þar að sporna við hækkun verðtryggðra skulda heimilanna. Einnig vildi Framsókn að einn af stóru bönkunum yrði samfélagsbanki með Þýskaland sem fyrirmynd í þeirri aðgerð, taka upp hóflegt komugjald á ferðamenn og nýta tekjurnar til verndunar náttúrunnar. Einnig vildu þeir gera endurmat á lífeyrissjóðakerfinu til þess að draga úr kostnaði og kanna það að taka upp gengisstreymiskerfi (Framsóknarflokkurinn Efnahagsmál).

Í málefnum ungs fólks vildi Framsókn taka upp svissnesku leiðina svokölluðu. Í henni fólst að heimila ungu fólki að taka út iðgjald sem það hafði lagt í lífeyrissjóð og nýta sem útborgun við fyrstu íbúðarkaup. Framsókn vildi að við kaup á fyrstu íbúð fái ungar fjölskyldur að taka hlé á afborgun námslána í fimm ár. Einnig vildi flokkurinn gera hlé á

afborgun námslána í fimm ár fyrir fólk sem væri búsett á ákveðnum skilgreindum svæðum á landsbyggðinni í von um að draga að sér ungt menntað fólk. Framsókn vildi líka fjárfesta í menntakerfinu, sem og hugverka- og þekkingariðnaði og lengja fæðingarorlof upp að 12 mánuðum (Framsóknarflokkurinn Málefni ungs fólks).

Í málefnum aldraðra átti, í samstarfi við lífeyrissjóði, að fjárfesta 10 milljörðum á ári sem nýtast myndi í uppbyggingu 300 hjúkrunar- og þjónustuíbúða á ári hverju. Einnig átti að afnema frítekjumark á atvinnutekjum eldri borgara og setja milljarð króna í niðurgreiðslu tannlæknakostnaðar og almennt draga úr greiðsluþátttöku í heilbrigðiskerfinu (Framsóknarflokkurinn Málefni aldraðra).

Innviðaupbygging var ofarlega á baugi hjá Framsókn og þá helst að nota afgang af ríkisrekstri til að fjárfesta í betra heilbrigðiskerfi, meiri lífsgæðum og betri samgöngum. Aukið umferðaröryggi, greiðar samgönguleiðir og að undirbúa nýjan Landsspítala á betri stað, var á stefnuskrá Framsóknar sem dæmi um leiðir að bættum innviðum. Einnig hafnaði Framsókn vegatollum og hækkun olúgjalds, þar sem þeim fannst það koma hvað verst niður á fólk á landsbyggðinni. Í samgöngu- og byggðamálum vildi Framsókn stórauka framlög til nýbyggingar og viðhalds vega, í þeim tilgangi að auka umferðaröryggi, sem og að efla almenningssamgöngur. Einnig vildi Framsókn niðurgreiða innanlandsflug að skokri fyrirmynd (Framsóknarflokkurinn Innviðaupbygging) .

Framsókn vildi fella niður afborganir af námslánum í fimm ár, nýta sparnaðinn sem hlaust af styttingu framhaldsskólanna niður í þrjú ár, til uppbyggingar og þróunar framhaldsskólastigsins, sem og að hækka endurgreiðslu í 25% í tengslum við nýsköpun og rannsóknir. (Framsóknarflokkurinn Málefnskrá XB)

Í menningarmálum vildi Framsókn afnema virðisaukaskatt af bókum til þess að efla lestur, styrkja innlent fræðastarf og auðga íslenska tungu. Einnig vildi Framsókn afnema virðisaukaskatt af sölu tónlistar, til þess að styðja við öflugt tónlistarlíf og tónlistariðnað í landinu (Framsóknarflokkurinn Málefnskrá XB).

Í málum landbúnaðar vildi Framsókn leysa vanda sauðfjárbænda vegna 30% verðlækkunar á afurðum og lokunar markaða erlendis. Auka átti tímabundið stuðning til bænda og lögleiða verkfæri til sveiflujöfnunar, svo koma mætti í veg fyrir að svipað ástand birtist aftur. Tryggja átti nýsköpun og vöruþróun í landbúnaði svo fjölskyldurekstur yrði hagstæður, og skapa átti aðstæður fyrir frekari framþróun við endurskoðun

búvörusamninga árið 2019. Einnig benti Framsókn á að neytendur ættu rétt á skýrum upplýsingum um uppruna, framleiðsluhætti, lyfjanotkun og umhverfisáhrif og ætlaði flokkurinn að fylgja fast þeim reglum og tryggja að þær næðu til allra matvæla þar sem þau eru seld (Framsóknarflokkurinn Málefnastrá XB).

Framsóknarflokkurinn vildi einnig nýja auðlindaákvæðið í stjórnarskrána og hafa þar skýr ákvæði um beint lýðræði. Sagðist flokkurinn vera hlynntur persónukjöri og vildi auka vægi beins lýðræðis við ákvarðanatöku samfélagsins (Framsóknarflokkurinn Málefnastrá XB).

3.3 Vinstrihreyfingin – grænt framboð (VG)

Stefnumálaskrá Vinstri-grænna var ansi ítarleg árið 2017, svo hér verður tekið það helsta og útskýrt. Eitt af fyrstu stefnumálum á heimasíðu Vinstri-grænna í aðdraganda kosninganna 2017 voru friðsamleg alþjóðasamskipti. Í þeim fólst t.d. að Ísland ætti að standa utan hernaðarbandalaga, taka á móti fleiri flóttamönnum og efla þróunarsamvinnu á leið til aukins gagnsæis og bættrar skattheimtu. Lögð var áhersla á að Ísland ætti að vera í fremstu röð í baráttunni gegn skattaskjólum (Vinstrihreyfingin - grænt framboð Friðsamleg alþjóðasamskipti).

Í stefnu þeirra um atvinnugreinar, var í meginatriðum hægt að segja að sjávarútvegurinn, landbúnaðurinn og ferðaþjónustan þyrftu að vera unnin með það að leiðarljósi að sjálfbærni væri ríkjandi og umhverfið og náttúran væru vernduð sem best og gætt að þolmörkum viðkvæmra svæða. Nýsköpun og kolefnishlutleysi í landbúnaði, sem og menntakerfinu, var einnig ofarlega á lista hjá þeim (Vinstrihreyfingin - grænt framboð Atvinnugreinar).

Í efnahagsmálum vildu VG réttlátara skattkerfi og sjálfbæran vöxt með hagsæld og náttúruauðlindir í huga. Vinna átti í nýrri sýn fyrir fjármálakerfið, áður en fleiri ákvarðanir yrðu teknar um sölu ríkisbanka. Einnig vildu VG sátt á vinnumarkaði, því efnahagslegur og félagslegur stöðugleiki þyrfti að fara saman og því þyrftu stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðsins að vinna saman (Vinstrihreyfingin - grænt framboð Efnahagsstjórn fyrir fólkið í landinu). VG vildi bæta kjör eldra fólks með því að hækka ellilífeyri og hækka frítekjumark vegna atvinnutekna. Einnig vildi VG sveigjanleg starfslok, fjölbreytt búsetuúrræði og átak í uppbyggingu hjúkrunarheimila (Vinstrihreyfingin - grænt framboð Eldra fólk er auðlind).

VG lagði áherslu á heilbrigðismál í sinni stefnuskrá. Þar efst var ítrekun á því að heilbrigðiskerfið ætti ekki að vera einkarekið og að arðgreiðslur úr heilbrigðisþjónustu væru óásættanlegar. Aukin framlög til heilbrigðisþjónustu, nýr Landsspítali og öflugri heilsugæsla var í stefnu þeirra, sem og að stemma stigum við gjalddöku í allri heilbrigðisþjónustu, sérstaklega sálfræðiþjónustu, tannlækningum og sjúkra-, tal- og iðjuþjálfun (Vinstrihreyfingin-grænt framboð Heilbrigt samfélag).

Vinstri-græn vildu lengja fæðingarorlof í 12 mánuði til þess að jafna foreldraábyrgð og þar af leiðandi stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Bæta átti réttarstöðu brotþola kynferðisofbeldis og tryggja betri fræðslu og forvörn. Útrýma átti kynbundnum launamun og kynbundnu ofbeldi og einnig átti að berjast gegn stafrænu kynferðisofbeldi. VG vildi innleiða styttingu vinnuvikunnar án skerðingar launa og stuðla þannig að jafnari ábyrgð í heimilisstörfum og jafnari tækifærum til þátttöku í samfélaginu. Endurskoða átti löggjöf um trans- og intersex fólk í því markmiði að stefna að auknum mannréttindum og sjálfsákvörðunarrétti (Vinstrihreyfingin - grænt framboð Áfram stelpur).

Ný stjórnarskrá var einnig hluti af stefnu VG, að ljúka vinnunni sem hófst árið 2010 og klára stjórnarskrána sem byggði á tillögum Stjórnlagaráðs. Í anda nýrrar stjórnarskrár vildi VG lýðræðisumbætur og aukið gagnsæi, sem og auknar áherslur á mannréttindi í löggjöf (Vinstrihreyfingin - grænt framboð Völdin til fólksins).

Vinstri-græn lögðu einnig áherslu á að menntun væri undirstaða menningar, að styðja þyrfti við Listaháskólann, leggja áherslu á skapandi skólastarf á öllum stigum og jafna aðgengi barna að menningu og listum. Þau vildu koma að bættu aðgengi að menningarviðburðum, t.d. með því að koma menningararfi þjóðarinnar á stafrænt form og styðja við táknmál og skýra réttinn til táknmálstúlkunar í lögum. VG vildi bæta stöðu íslenskrar tungu, með því að leggja áherslu á stöðu hennar í hinum stafræna heimi og gera tíu ára áætlun um stuðning við íslenska málið með þýðingum, tvítyngi, textun sem og öðrum rannsóknum (Vinstrihreyfingin - grænt framboð Skapandi samfélag).

Í menntamálum vildu Vinstri-græn bæði tryggja jafnrétti til náms og að framlög á hvern háskólanema næðu sem fyrst meðaltali OECD ríkjanna. Endurskoða átti lánasjóðskerfi námsmanna í heild sinni og gera kennarastarfið að fýsilegri kosti. Tryggja átti sálfræði- og heilbrigðisþjónustu í öllum framhaldsskólum. Einnig vildu Vinstri-græn

endurskoða tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga til þess að tryggja sveitarfélögunum öruggan tekjugrunn (Vinstrihreyfingin - grænt framboð Menntun fyrir alla).

Í loftslagsmálum voru Vinstri-græn með stór áform. Þau vildu hverfa frá áformum um olíuvinnslu, hverfa frá frekari áformum um mengandi stóriðju, binda kolefni með mótvægisáðgerðum og nota frekar endurnýjanlega orkugjafa en jarðefnaeldsneyti. Þeim fannst að Ísland ætti að beita sér á alþjóðavettvangi fyrir því að hlýnun jarðar færi ekki yfir eina og hálfu gráðu, sem og að efla rannsóknir um áhrif hlýnunar á vistkerfi og súrnun sjávar. Stofna átti þjóðgarða á miðhálandi og hálandi Vestfjarða og friðlýsa átti svæði í framkvæmdaráætlun náttúruminjaskrár. VG vildi koma umhverfisákvæði að í stjórnarskránni; í því fælist að náttúruauðlindir ættu að vera í þjóðareign og að nýting þeirra væri í sátt við umhverfi og náttúru. Efla átti almenningssamgöngur, ásamt uppbyggingu innviða samgöngukerfis, til að þjóna betur gangandi og hjólandi vegfarendum. Vinstri grænir vildu endurskoða raforkusamninga til stóriðju með það að markmiði að minnka losun gróðurhúsalofttegunda, fækka mengandi stóriðjuverum og auka fjölbreytni í iðnaði (Vinstrihreyfingin - grænt framboð Græn framtíð).

Í málefnum ungs fólks vildi VG tvöfalda stofnframlög til uppbyggingar leiguhúsnæðis og hækka húsnæðisbætur, með það að markmiði að húsnæðiskostnaður færi ekki yfir fjórðung af ráðstöfunartekjum. Einnig átti að vinna að styttingu vinnuvikunnar án þess að skerða laun og með því stuðla að jafnari ábyrgð í heimilisstörfum og jafnari tækifærum til þátttöku í samfélaginu. Niðurgreiða átti sálfræðiþjónustu og efla fæðingarorlofskerfið. Vinstri-grænir vildu frelsa námsmenn frá yfirdráttarkerfi Lánasjóðs íslenskra námsmanna og taka þar upp samtímagreiðslur. Vildi VG fella niður hluta af höfuðstól námslána, ef námi væri lokið á tilætluðum tíma og tryggja áfram að námslán beri í mesta lagi eitt prósent vexti (Vinstrihreyfingin - grænt framboð Unga fólkið er framtíðin).

Í málefnskrá Vinstri grænna var einnig sérstakur hluti sem varðaði velferðarsamfélag. Þar vildi VG tryggja húsnæðislán fyrir alla tekjuhópa, hækka laun og hækka bætur almannatrygginga. Einnig vildi VG taka á móti fleira flóttafólki og styrkja stöðu innflytjenda, meðal annars með íslenskukennslu og móðurmálskennslu fyrir börn sem hafa íslensku sem annað mál, sem og að tryggja að innflytjendum og erlendu verkafólki væri ekki mismunað í launum. Hlúa átti að barnafjölskyldum, veita meira vald

til þeirra sem nota velferðarþjónustu, tryggja fíklum viðunandi meðferðarúrræði með samvinnu dóms-, félags-, og heilbrigðiskerfis. Einnig átti að snúa af braut harðra refsinga fyrir neyslu fíkniefna (Vinstrihreyfingin - grænt framboð Velferðarsamfélag fyrir alla).

3.4 Samantekt

Í kaflanum var farið yfir málefni stjórnarflokkanna þriggja í kosningunum árið 2017. Áherslur flokkanna lágu í mismunandi málefnaflokkum: Sjálfstæðisflokkurinn var með meiri áherslu á fjármál og efnahagsmál á meðan Framsóknarflokkurinn var með nokkrar áherslur, þá helst húsnæðismál, félagsmál og heilbrigðismál. VG lagði mesta áherslu á umhverfismál, málefni kynjanna, menningarmál og velferðarmál. Þó voru aðrir málaflokkar þar sem stefnur stjórnarflokkanna þriggja voru líkar og lítill munur á. Mun það sjást betur í næsta kafla þegar skoðaður verður stjórnarsáttmáli ríkisstjórnarinnar og farið yfir hvernig þessar stefnur enduðu samtvinnuðust í honum.

4 Úr fári kosninga í ritaðan sáttmála

Alþingiskosningarnar árið 2017 fóru fram þann 28. október (Alþingi Alþingiskosningar 2017). Það var ekki fyrr en rúmum mánuði seinna, eða þann 30. nóvember 2017 að birtur var stjórnarsáttmáli nýrrar ríkisstjórnar ásamt ráðherraskipan. Stjórnarflokkarnir þrír voru með 35 þingmenn kjörna samanlagt af 63 (Rúv 2017). Sjálfstæðisflokkurinn fékk á sína könnu fjármála- og efnahagsráðuneyti, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, utanríkisráðuneyti, ferðamála-, iðnaðar-, og nýsköpunarráðuneyti, ásamt dómsmálaráðuneytinu. Samtals fimm ráðherrar. Framsóknarflokkurinn fékk til sín samgöngu- og sveitastjórnarráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti, sem og félags- og barnamálaráðuneyti og þar af leiðandi þrjá ráðherra. Vinstri-græn fengu forsætisráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið og umhverfis og auðlindaráðuneytið, það er þrjá ráðherra (Stjórnarráðið Skipan ríkisstjórnar).

Vert er að minnast á það að tveir þingmenn Vinstri-grænna studdu ekki málefnasamning ríkisstjórnarinnar þegar kosið var um hann á þingflokksfundi VG. Rósa Björk Brynjólfssdóttir og Andrés Ingi Jónsson greiddu ekki atkvæði með samningnum og sagði Andrés m.a. að þetta væri ekki rétta ríkisstjórnin fyrir VG og að hann sæi of mikla annmarka á stjórnarsáttmálanum. (Bjarni Pétur Jónsson 2017). Rósa Björk sagðist hafa viljað sjá „stærri og róttækari skref þegar kemur að móttöku flóttamanna“ og líka í þróunarsamvinnu. Hún sagði líka að utanríkismálakafli stjórnarsáttmálans væri „fullkomin uppgjöf af hálfu Vinstri grænna“ (mbl.is 2017). Sögðu þau sig síðan bæði úr flokknum árið 2019 (Bjarni Pétur Jónsson 2021).

Fyrsti málaflokkur stjórnarsáttmálans fjallaði um heilbrigðismál. Þar lagði ný ríkisstjórn áherslu á að íslenska heilbrigðiskerfið stæðist samanburð við fyrsta flokks heilbrigðiskerfi í heiminum. Fullvinna átti heilbrigðisstefnu sem skilgreindi einstaka þætti innan kerfisins og einnig móta markmið og leiðir í heilbrigðismálum í samvinnu við fagstéttir. Draga átti úr greiðsluþátttöku sjúklinga og gera heilbrigðiskerfið gagnsærra og skilvirkara. Þetta var í samhljómi við stefnuskrá VG, Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins í kosningunum 2017. Minntist ríkisstjórnin á að skortur væri á hjúkrunarrýmum og sagði að ráðist yrði í stórsókn á uppbyggingu nýrra rýma og að hún myndi birtast í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar. Allir flokkarnir voru sammála um að bæta þyrfti heilbrigðiskerfið og byggja nýjan Landsspítala. Þó vildi VG hafa hann við

Hringbraut, en Framsókn finna nýjan stað samkvæmt stefnumálaskrá þeirra í nýafstöðnum kosningum. (Stjórnarráð Íslands 2017, 6-7) (Vinstrihreyfingin-grænt framboð Heilbrigt samfélag) (Framsóknarflokkurinn Málefnskrá XB) (Sjálfstæðisflokkurinn Heilbrigðismál)

Í menntamálum átti að efla faglegt sjálfstæði kennara og bregðast við kennaraskorti í landinu með samstarfi ríkis, sveitarfélaga og stéttarfélaga. Samræmdist það stefnu VG fyrir kosningar. Einnig átti að tryggja framhaldsskólunum frelsi og fjármagn til eigin stefnumótunar og kanna kosti sveigjanlegra skólaskila. Efla átti iðnnám og verk- og starfsnám í þágu fjölbreytni og öflugra samfélags. Ná átti meðaltali OECD ríkjanna varðandi fjármögnun háskólastigsins fyrir árið 2020. Ráðast átti í endurskoðun námslánakerfisins í samstarfi við námsmannahreyfingarnar, þar sem áherslan var jafnrétti til náms, skilvirkni og styrkjakerfi að norrænni fyrirmynd (Stjórnarráð Íslands 2017, 7-8). Var sú stefna í takt við stefnu allra flokkanna, Framsókn vildi fella niður afborganir af námslánnum í fimm ár, Sjálfstæðisflokkurinn vildi taka upp námsstyrkjakerfi að norrænni fyrirmynd, og VG breyta fyrirkomulaginu algerlega, taka upp samtímagreiðslur og styrkjakerfi (Vinstrihreyfingin - grænt framboð Menntun fyrir alla) (Sjálfstæðisflokkurinn Mennta og menningarmál) (Framsóknarflokkurinn Málefnskrá XB).

Lækka átti þröskuld ungs fólks og tekjulágra inn á húsnæðismarkað, og skoða t.d. möguleika á að hægt yrði að nýta lífeyrissparnað til þess. Ætlaði ríkisstjórnin að taka markviss skref á kjörtímabilinu til afnáms verðtryggingar á lánum, með sérstakri áherslu á að gæta efnahagslegs stöðugleika (Stjórnarráð Íslands 2017, 9). Allir flokkarnir vildu auðvelda ungu fólki leiðina inn á húsnæðismarkaðinn, en Framsóknarflokkurinn var með í sinni stefnu að banna verðtryggð lán og að opna fyrir möguleikann á að ungt fólk geti nýtt lífeyrissparnað við fyrstu íbúðarkaup (Framsóknarflokkurinn Málefni ungs fólks).

Ríkisstjórnin ætlaði að bæta flutnings- og dreifikerfi raforku, því það átti að mæta betur þörfum atvinnulífs og almennings út um allt land. Stóð einnig í stjórnarsáttmálanum að uppbygging kerfisins myndi styðja við áætlanir um orkuskipti, sem innihéldi áætlanir um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, t.d. með því að hraða þrífösun rafmagns, innviðum fyrir rafbíla og rafvæðingu hafna. Mátti þetta stefnumál finna í stefnu Vinstri grænna, Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins fyrir kosningarnar. (Sjálfstæðisflokkurinn Umhverfis- og auðlindamál) (Stjórnarráð Íslands 2017, 10).

Í samgöngumálum vildi ríkisstjórnin gera innanlandsflug að hagkvæmari kosti fyrir íbúa landsbyggðarinnar, sem mátti bæði finna í stefnuskrám Framsóknarflokksins sem og Sjálfstæðisflokksins. Ljúka átti við ljósleiðaravæðingu Íslands árið 2020 og sagði í stjórnarsáttmálanum að það myndi auka lífsgæði og auka tækifæri landsmanna til þess að skapa atvinnu. Mátti þetta stefnumál finna hjá Sjálfstæðisflokknum og VG (Stjórnarráð Íslands 2017, 11) (Sjálfstæðisflokkurinn Samgöngu- og fjarskiptamál) (Vinstrihreyfingin - grænt framboð Greiðar leiðir).

Í löggæsluhlutanum var minnst á að auka ætti fjármagn til lögreglunnar, sérstaklega miðhálandislöggæslu og Landhelgisgæslunnar, einkum vegna aukins fjölda ferðamanna, eins og kom fram í stefnuskrá Sjálfstæðisflokksins. Sagði ríkisstjórnin að snúa ætti af braut harðra refsinga fyrir neyslu fíkniefna, en styrkja aðgerðir gegn fíkniefnasöllum, sem og innflutningi og framleiðslu fíkniefna. Tryggja átti fíklum viðunandi meðferðarræði með samvinnu dóms-, félags-, og heilbrigðiskerfis. Mátti þessa stefnu finna nánast orðrétt í stefnu Vinstri grænna fyrir kosningar (Stjórnarráð Íslands 2017, 11-12) (Vinstrihreyfingin - grænt framboð Velferðarsamfélag fyrir alla).

Í menningarkaflanum var sagt að huga ætti að breytingum varðandi skattlagningu á tónlist, íslensku ritmáli og fjölmiðlum, og að fyrsta skrefið væri að afnema virðisaukaskatt á bókum. Bæði Framsókn og Vinstri græn fjölluðu um þessi mál í stefnuskrám sínum. Einnig vildu Vinstri græn efla stöðu safna og byggja Náttúruminjasafn. Kom fram í sáttmálanum að styrkja þyrfti stöðu höfuðsafnanna þriggja, þá sérstaklega að Náttúruminjasafn Íslands yrði styrkt til að opna sína eigin sýningu (Vinstrihreyfingin - grænt framboð Skapandi samfélag), (Stjórnarráð Íslands 2017, 11-12).

Í efnahagsmálum var eitt fyrsta mál á dagskrá að stofna Þjóðarsjóð utan um arð af auðlindum landsins og byrjað yrði á orkuauðlindinni. Hlutverk sjóðsins átti að vera að byggja viðnám til að mæta fjárhagslegum áföllum. Afmarkaður hluti hans átti að vera notaður til þess að efla nýsköpun og styðja við vöxt sprotafyrirtækja og annar hluti að vera nýttur til uppbyggingar hjúkrunarrýma fyrir elstu kynslóðina (Stjórnarráð Íslands 2017, 14). Kom sú hugmynd úr efnahags- og viðskiptamálahluta stefnuskrár Sjálfstæðisflokksins.

Ný ríkisstjórn vildi einnig innleiða ákvæði um keðjuábyrgð í ólíkum atvinnugreinum, sem og að vinna gegn kynbundnum launamun, félagslegum undirboðum, mansali og

kennitölufлакki. Efnahagslegur stöðugleiki var ofarlega á baugi, sem og að lækka tryggingagjald. Hækka átti fjármagnstekjuskatt í 22%, hætta við hækkun virðisaukaskatts á ferðapjónustu líkt og Framsókn lagði til í sinni stefnuskrá, hækka kolefnisgjald um 50% og ennþá meira eftir því sem liði á kjörtímabilið. Skattrannsóknir áttu einnig að verða eflidar, ásamt áframhaldandi áherslu á alþjóðlegt samstarf gegn skattundanskotum og skattsvikum, og að Ísland yrði leiðandi í þeim málaflokki, líkt og stefnuskrár allra flokkanna þriggja minntust á (Stjórnarráð Íslands 2017, 15-16) (Framsóknarflokkurinn Málefnskrá XB) (Sjálfstæðisflokkurinn Skattamál) (Vinstrihreyfingin - grænt framboð Friðsamleg alþjóðasamskipti).

Stefnumál Framsóknar um rétt neytenda til upplýsinga um uppruna, framleiðsluhætti, lyfjanotkun og umhverfisáhrif rataði einnig inn orðrétt. Fiskeldi átti að byggja upp með ýtrustu varúð í samræmi við ráðgjöf vísindamanna svo líffræðilegri fjölbreytni yrði ekki ógnað, líkt og VG og Framsókn tóku fram í sínum stefnuskrám (Framsóknarflokkurinn Málefnskrá XB) (Vinstrihreyfingin - grænt framboð Atvinnugreinar).

Ríkisstjórnin vildi gera hvítbók um framtíðarsýn á fjármálakerfinu á Íslandi og leggja fyrir Alþingi. Í þeirri bók átti að hafa aukið traust á íslenskum fjármálamarkaði að leiðarljósi, ásamt auknu gagnsæi og fjármálastöðugleika. Draga átti einnig úr eignarhaldi ríkisins á fjármálafyrirtækjum, sem var hluti af ríkisfjármálastefnu Sjálfstæðisflokksins, þó hann hefði viljað ganga enn lengra og losa eignarhlut ríkisins í Á.T.V.R og öðrum samkeppnisrekstri (Stjórnarráð Íslands 2017, 19).

Í umhverfis- og loftslagsmálum var leiðarljós stefnunnar stefnan sem mynduð var með Parísarsáttmálanum árið 2015 um að takmarka hækkun meðalhitastigs andrúmslofts við 1.5°C. Ætlaði ríkisstjórnin að gera enn betur og framkvæma það markmið fyrir árið 2040. Meginleið til framkvæmdar þessa markmiðs var einfaldlega að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og með breyttri landnotkun. Styðja átti við fyrirtæki, atvinnugreinar og stofnanir í þeirri viðleitni að setja sér loftslagsmarkmið. Setja átti á laggirnar loftslagsráð og einnig átti að semja aðgerðaráætlun um samdrátt í losun. Í henni yrðu sett markmið um aðgerðir, líkt og græn skref í ríkisrekstri, hlutfall ökutækja sem ganga fyrir vistvænni orku, orkunýtni í atvinnulífinu og stefnt að banni við notkun svartolíu í efnahagslögsögu Íslands. Sérstök áhersla átti að vera á friðlýsingar svæða í verndarflokki

rammaáætlunar, auk verndarsvæða í samræmi við náttúruverndaráætlun þar sem áform um stofnun miðhálandisþjóðgarðs mátti finna. Einnig átti að koma af stað langtímaátaki gegn notkun einnota plasts með sérstaka áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir og að hreinsa plast úr umhverfinu (Stjórnarráð Íslands 2017, 21-22).

Eins og nafnið bendir til voru Vinstri-græn með ansi ítarlega stefnuskrá umhverfismála, og rataði flest af henni í stjórnarsáttmálann. Þó var eitt sem ekki fékk þar pláss, að koma umhverfisákvæði í stjórnarskrá. Með því var átt við að náttúruauðlindir væru í þjóðareign líkt og komið hefur hér fram áður. Framsókn vildi auðlindaákvæði einnig í stjórnarskrána sem komst ekki að. Þó var einnig herferð gegn plasti í þeirra stefnu og minnkun á loftmengun sem fór í gegn í stjórnarsáttmálann (Framsóknarflokkurinn Málefnskrá XB) (Vinstrihreyfingin - grænt framboð Græn framtíð) (Stjórnarráð Íslands 2017, 22-23).

Í málaflokki nýsköpunar og rannsókna átti fyrst og fremst að gera skilyrði fyrir frumkvöðla- og sprotafyrirtæki hér á landi framúrskarandi. Einnig áttu endurgreiðslur kostnaðar að vera endurmetnar í því skyni að afnema þak á þeim, til þess að bæta alþjóðlega samkeppnishæfni Íslands. Heildstæð nýsköpunarstefna átti einnig að vera mótuð í samstarfi við fulltrúa stjórnmalaflokka og í samráði við rannsóknarsamfélagið og viðskiptalífið (Stjórnarráð Íslands 2017, 25). Sjálfstæðisflokkurinn vildi auka framlög til nýsköpunar og bæta aðstæður og úrræði til stuðnings við sprotafyrirtæki og Framsókn vildi hækka endurgreiðslu í 25% í tengslum við nýsköpun og rannsóknir (Framsóknarflokkurinn Málefnskrá XB) (Sjálfstæðisflokkurinn Nýsköpun, rannsóknir og vísindastarf).

Í stjórnarsáttmálanum var kafli tileinkaður jöfnum tækifærum, og þar kom fram að það ætti að gera úttekt á kjörum þeirra tekjulægstu í samfélaginu, setja fram tillögur til úrbóta í þeirra málum og síðan fylgja þeim eftir. Allir flokkarnir vildu bæta málaflokk fæðingarorlofsins, og bæði VG og Framsókn vildu lengja það í 12 mánuði. Í stjórnarsáttmálanum kom fram að skoða ætti lengingu þess, sem og hækka orlofsgreiðslur í fæðingarorlofi. Taka átti skref til að útrýma kynbundnum launamun og tryggja að sambærileg störf væru metin með sambærilegum hætti, í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í lögum. Það átti að fjármagna og framfylgja nýrri aðgerðaráætlun um úrbætur í meðferð kynferðisbrotamála og með henni var gert ráð fyrir að styrkja

innviði réttarvörslukerfisins. Var það gert með því markmiði að styrkja stöðu brotþola innan kerfisins. Fullgilda átti einnig Ístanbúl-samninginn um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi. Útrýma átti kynbundnu ofbeldi með gerð áætlunar í samstarfi við sveitarfélögin (Stjórnarráð Íslands 2017, 28-29). Rímaði þessi stefna við stefnu Framsóknar um kynbundið ofbeldi, stefnu Vinstri grænna um það sama sem og kynbundinn launamun og stöðu brotþola. Einnig samræmdest þessi stefna stefnu Sjálfstæðisflokksins um að fylgja eftir skýrslu um meðferð kynferðisbrota (Sjálfstæðisflokkurinn Lög og réttur) (Vinstrihreyfingin - grænt framboð Áfram stelpur) (Framsóknarflokkurinn Málefnastrá XB).

Stefna flokkanna í hinsegin málum var sú að Sjálfstæðisflokkurinn ætlaði að halda áfram að vera leiðandi í málefnum hinsegin fólks, Framsókn vildi að Ísland myndi tala máli hinsegin fólks á alþjóðavettvangi og VG vildi endurskoða löggjöf um trans- og intersex fólk. Í stjórnarsáttmálanum stóð að ríkisstjórnin vildi koma Íslandi í fremstu röð í málefnum hinsegin fólks með metnaðarfullri löggjöf um kynrætt sjálfræði. Tókst því í raun öllum flokkum að koma sinni stefnu að í sáttmálanum, þó hægt sé að segja að VG hafi verið með sértækari markmið en hinir flokkarnir í þessum málum (Stjórnarráð Íslands 2017, 29) (Framsóknarflokkurinn Málefnastrá XB) (Sjálfstæðisflokkurinn Lög og réttur) (Vinstrihreyfingin - grænt framboð Áfram stelpur).

Hækka átti frítekjumark atvinnutekna aldraðra í hundruð þúsund krónur. VG vildi hækka frítekjumarkið, Framsókn vildi afnema það, og Sjálfstæðisflokkurinn vildi hækka það í hundruð þúsund á mánuði. Ljúka átti lögfestingu notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA) og breytingu á lögum um málefni fatlaðs fólks. Kom það úr stefnu Sjálfstæðisflokksins og VG (Stjórnarráð Íslands 2017, 29) (Framsóknarflokkurinn Málefnastrá XB) (Sjálfstæðisflokkurinn Félags og tryggingamál) (Vinstrihreyfingin - grænt framboð Velferðarsamfélag fyrir alla).

Í flóttamannamálum átti Ísland að leggja sitt af mörkum til lausnar á flóttamannavandanum og taka á móti fleiri flóttamönnum. Mannúðarsjónarmið og alþjóðlegar skuldbindingar áttu að vera lögð til grundvallar og áhersla að vera lögð á skilvirka meðhöndlun umsókna um alþjóðlega vernd. Fela átti þverpólitískri nefnd það verkefni meta framkvæmd útlendingalaga og endurskoða þau ef þyrfti (Stjórnarráð Íslands 2017, 30). VG vildi taka á móti fleirum og hlúa betur að þeim með nægu fjármagni

og góðri aðstöðu, á meðan Framsókn vildi auka framlög til neyðaraðstoðar til að aðstoða fólk sem er á flóttu. Stefna Sjálfstæðisflokksins minntist einnig á mannúðarsjónarmiðið og skilvirkni, sem og að móttaka flóttafólks sé sjálfsögð. Þó segir stefna þeirra líka að mikill árangur hafi náðst í styttingu málsmeðferðartíma umsókna og við hröðun brottfara þeirra sem sækja um að tilhæfulausu. Boðaði flokkurinn það líka að gera þyrfti þverpólitískan samráðsvettvang um útlendingalöggjöfina sem rímaði vel við hljóm stjórnarsáttmálans (Framsóknarflokkurinn Málefnskrá XB) (Sjálfstæðisflokkurinn Málefni útlendinga) (Vinstrihreyfingin - grænt framboð Friðsamleg alþjóðasamskipti).

Í stjórnarsáttmálanum má finna kafla um lýðræði og gagnsæi. Þar kom m.a. fram að ríkisstjórnin ætlaði að halda áfram heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar í þverpólitísku samstarfi og nýta þar aðferðir almenningssamráðs. VG var með áætlanir um að klára nýja stjórnarskrá í sinni stefnu. Opna átti reikninga Alþingis, sem og að yfirfara reglur um hagsmunaskráningu ráðherra og þingmanna. Opna átti rafræna þjónustugátt þar sem almenningur gat nálgast þjónustu hins opinbera og sinnt erindum sem tengdust stjórnvöldum. Innleiða átti einnig nýja persónuverndarlöggjöf og fræðslu tengda þeim málum. Sjálfstæðisflokkurinn sagði í sinni stefnuskrá að opna ætti bókhald ríkisins til að auka gagnsæi, einnig var í stefnu VG að auka lýðræðisumbætur og gagnsæi sem og mannréttindi í löggjöf (Stjórnarráð Íslands 2017, 32-33) (Sjálfstæðisflokkurinn Ríkisfjármál) (Vinstrihreyfingin - grænt framboð Völdin til fólksins).

Í alþjóðamála kafla stjórnarsáttmálans var eitt af því fyrsta sem kom fram að hagsmunum Íslands sé best borgið utan Evrópusambandsins. Það stóð í stefnuskrám Framsóknar og Sjálfstæðisflokks og má finna í stefnu VG einnig. Stefnuskrár Framsóknar og Sjálfstæðisflokks voru ansi samrýmdar þegar kom að utanríkismálum, en VG stóð utan í þeirri málamiðlun, sérstaklega í öryggismálum, þar sem VG hafnaði aðild Íslands að NATO og vildi að Ísland stæði utan hernaðarbandalaga (Vinstrihreyfingin - grænt framboð Friðsamleg Alþjóðasamskipti) (Framsóknarflokkurinn Málefnskrá XB) (Sjálfstæðisflokkurinn Utanríkismál). Í stjórnarsáttmálanum er lögð áhersla á að hlúa vel að EES samningnum, gæta að viðskiptatengslum við Breta, fjölga fríverslunarsamningum og að afnema viðskiptahindranir. Áhersla var einnig á málefni norðurslóða, að Ísland myndi leggja áherslu á heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, loftslagsmál og málefni hafsins á vettvangi Norðurskautsráðsins, þar sem Ísland gegndi formennsku árið 2019-21.

Síðan var einnig áhersla á að framlög til þróunarsamvinnu yrðu aukin og að þjóðaröryggisstefna sem Alþingi hafði samþykkt yrði að leiðarljósi í að tryggja að öryggismál þjóðarinnar séu í föstum skorðum, og í því felst að aðild Íslands að NATO sé óbreytt (Stjórnarráð Íslands 2017, 35-36).

4.1 Samantekt

Ef taka á saman þessa stuttu samantekt á stefnum flokkanna yfir í stjórnarsáttmálann má sjá að málamiðlun hefur átt sér stað milli þessara þriggja flokka, og einhver hefur þurft að gefa eftir í ákveðnum málaflokkum. Ýmist voru loforð flokkana minnkuð, fjarlægð eða skeytt saman við önnur samsvarandi loforð hinna flokkanna. Oft var lítill munur á stefnu flokkanna líkt og í málefnum kynferðisafbrotá og stundum voru þeir sammála líkt og í stefnum sínum um fæðingarorlof. Oftast voru tveir flokkar sammála um eitthvert tiltekið málefni og hinn á öðru máli, en langoftast voru flokkarnir einfaldlega með mis-ítarlegar stefnur og því á blaði sammála, en í smáatriðum við útfærslu málanna var líklegt að upp kæmi ágreiningur, líkt og í hækkun frítækjumarks aldraðra. Í næsta kafla verður farið yfir það hvað flokkarnir náðu að koma miklum hluta stefnu sinnar inn í stjórnarsáttmálann og einnig verða skoðaðar kenningar sem geta hjálpað við greiningu á því.

5 Niðurstaða

Hið óræða samsteypuferli ætti nú að vera skýrara og hugmyndir í stefnuskrám stjórnarflokkanna þriggja að vera orðnar auðskiljanlegri. Með stjórnarsáttmálanum tókst að sameina stefnuskrár flokkanna í eina heildarstefnu og hægt er að sjá hvernig glittir í gömul stefnumál á ýmsum stöðum innan sáttmálans. Þó voru mál sem rötuðu ekki inn, en nú verður skoðað hver voru helstu málin sem flokkarnir komu í gegn og hvað þeir gáfu frá sér á móti. Einnig verður skoðað hvernig kenningarnar úr kafla tvö geta hjálpað okkur að skilja betur hvað átti sér stað og hvers vegna.

Í fyrstu ber að greina hvata flokkanna í kosningunum. Módel Strøm og Müller um hegðun flokka gerir, eins og komið hefur fram, ráð fyrir að flokkar séu með afmarkað safn af markmiðum og hægt sé að lýsa þeim sem stefnusækni, kjörsækni og stjórnsækni. Þeir segja stefnusækna flokka reyna að hafa stefnubilið sem minnst á milli sín og samstarfsaðila sinna og hámarka áhrif sín á opinbera stefnu.

Eitt dæmi um stóran mun í stefnu flokkanna má sjá í afstöðu þeirra í öryggismálum. Sést í stjórnarsáttmálanum að þjóðaröryggisstefna sem samþykkt var af Alþingi myndi vera höfð að leiðarljósi í öryggismálum þjóðarinnar (Stjórnarráð Íslands 2017, 36). Í þjóðaröryggisstefnunni stendur að aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu verði áfram lykilstoð í vörnum landsins og meginvettvangur vestrænnar samvinnu til að efla eigið öryggi, sem og að varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna frá 1951 tryggji áfram varnir Íslands og áfram verði unnið að þróun samstarfsins (Þingsályktun um þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland 2015–2016). Í stefnuskrá VG stóð að Ísland ætti að standa utan hernaðarbandalaga (Vinstrihreyfingin - grænt framboð Friðsamleg Alþjóðasamskipti). Er þetta augljóst dæmi um að VG fékk stefnu sína ekki inn í stjórnarsáttmálann, en hefur hins vegar tekið þá ákvörðun að gangast inn í þetta ríkisstjórnarsamstarf vitandi að eitt af aðal stefnumálum flokksins í gegnum árin muni ekki ná fram að ganga.

Strøm og Müller segja að það að gefa frá sér meginstefnumál, í því skyni að koma öðrum að líkt og gerist í ríkistjórnarmyndunarviðræðum, sé hægt að túlka sem stefnuávinning eða undanlát. Fer það eftir því hvernig leiðtogar flokka sjálfir líta á atburði sem slíka (Müller og Strom 1999, 7). Náði VG sínum málum fram t.d. í umhverfismálaflokknum, í tryggingu viðunandi meðferðarúrræða fyrir fíkla, minnkaðri

greiðslupátttöku í heilbrigðiskerfinu og með stefnu sinni um trans og intersex fólk, sem kom fram í lögum um kynrænt sjálfræði. Strøm og Müller sögðu að árangur stefnusækinna flokka færi eftir getu þeirra til þess að breyta opinberri stefnu svo hún passi við afstöðu þeirra í málum. Með því að koma sér í þetta ríkisstjórnarsamstarf tókst VG að koma sínum málum að í þó nokkrum málaflokkum innan stjórnarsáttmálans, og verður það að teljast árangur, þó fórnarkostnaðurinn hafi komið niður á öðrum málum, líkt og varnarmálunum.

Einnig væri hægt að segja að VG sé kjörsækinn flokkur. Nafnið gefur til kynna að flokkurinn sé vinstrisinnaður umhverfisflokkur. En eftir kosningarnar fóru þau í ríkisstjórn með flokkum sem myndu alls ekki hópast saman með VG í vinstrisinnaða umhverfishornið. Müller og Strøm sögðu kjörsækna flokka mynda stefnumál til að sigra í kosningum, í stað þess að vinna kosningar til að mynda stefnumál. Sú staðreynd að VG var reiðubúið að gangast í þetta ríkisstjórnarsamstarf sýnir að flokkurinn var einnig reiðubúinn að semja frá sér stefnumál.

Þegar hugsað er til Framsóknarflokksins og áherslna hans, er hann sá flokkur sem oftast var sammála þeirri stefnu sem kom fram í stjórnarsáttmálanum, oft vegna þess að hún kom úr hans eigin stefnumálaskrá. Utanríkismálaskrá Framsóknar komst inn í stjórnarsáttmálann að mestu leyti; hann fékk stefnu sína um fjölgun hjúkrunarrýma og minnkaða greiðslupátttöku í heilbrigðiskerfinu í gegn. Stefnur flokksins um flutningskerfi raforku, innanlandsflug, rétt neytanda til upplýsinga um matvöru og afnám hækkunar virðisaukaskatts á ferðaþjónustu fóru einnig úr stefnuskrá inn í stjórnarsáttmálann. Framsókn fékk að vísu ekki stefnu sína um að einn af stóru bönkunum yrði samfélagsbanki inn í stjórnarsáttmálann, sem var eitt af stærri málum flokksins fyrir kosningarnar (Framsóknarflokkurinn Málefnskrá XB). Verður það þó að teljast góður árangur ef horft er út frá kenningunni um stefnusækni og hægt að segja að Framsóknarflokkurinn falli vel undir þann hatt.

Ef skoðaðar eru kosningaáherslur Sjálfstæðisflokksins, þar sem flokkurinn segir frá sínum meginstefnumálum, má sjá að mörg af málunum sem þar mátti finna komust inn í stjórnarsáttmálann. En markmiðið um að bæta 100 milljörðum við í innviðauppbýggingu, að styrkja fjárhagslega stöðu öryrkja með börn í námi og endurskoðun kennsluáðferða, komust ekki inn í stjórnarsáttmálann. Hins vegar komst markmiðið um að lækka

tekjuskatt í neðra þrepi og tryggingagjald inn í sáttmálann, hækkun frítekjumarks eldri borgara í 100 þúsund krónur og stuðningur við ungt fólk á húsnæðismarkaði fór einnig inn. Hækkun greiðslna úr fæðingarorlofssjóði, styrkir fyrir námsmenn, efling nýsköpunar og rannsókna, fór í sáttmálann ásamt aukinni fríverslun og að hægt væri að njóta heilbrigðisþjónustu óháð efnahag. Áætlanir um stofnun Þjóðarsjóðsins, sem var stórt mál hjá Sjálfstæðisflokknum rataði einnig í stjórnarsáttmálann (Sjálfstæðisflokkurinn Kosningaáherslur Sjálfstæðisflokksins). Tókst því flokknum einkar vel að koma sínum málum að og því má segja að hann sé stefnusækinn flokkur. Þó var í stjórnarsáttmálanum boðuð hækkun fjármagnstekjuskatts í 22%, sem fór gegn stefnu Sjálfstæðisflokksins um að lækka hann (Hörður Áegisson 2017).

Einnig rennir efni þessarar ritgerðar stoðum undir þá kenningu Strøm og Müller að flokkar geti sóst í öll markmiðin þrjú; stefnumál, kjör og framkvæmdarvaldið og hvatana sem liggja þar að baki: Stefnusækni, kjörsækni og stjórnsækni, líkt og komið hefur fram áður. Hægt er að halda því fram að Framsóknarflokkurinn, VG og Sjálfstæðisflokkurinn séu að sækjast í öll þrjú markmiðin, að mismiklu leyti þó. Hugmyndafræðilegt bil flokkanna veikir rökin fyrir því að meginhvati flokkana hafi verið stefnusækinn.

Þó er einn hvati sem útskýrir hvað best atburðarásina sem átti sér stað í aðdraganda stjórnarsáttmálans: Stjórnsæknir flokkar sækjast í embætti af mismunandi ástæðum. Leiðtogar flokka geta sóst í að vera í ríkisstjórn í von um þau fríðindi sem því fylgja: Til þess að hafa áhrif á opinbera stefnu, eða til þess að þeir geta vakið áhuga og stuðning kjósenda með því að notfæra sér gagnsemi þess að vera í ríkisstjórn. Strøm og Müller segja að þegar greina á hvort gjörðir flokka séu stjórnsæknar, þarf að spyrja hvort hegðun flokksins sé ætlað að auka stjórn flokksins á þeim fríðindum sem hljótast af stjórnarsetu, þó að það þýði að flokkurinn þurfi að gefa frá sér stefnumál eða fórna velgengni í komandi kosningum (Müller og Strøm 1999, 6). Í tilfelli Framsóknarflokksins, VG og Sjálfstæðisflokksins er vel hægt að segja að þeir séu stjórnsæknir samkvæmt þessum skilyrðum. Það að ganga inn í þetta stjórnarsamstarf, þar sem hugmyndafræðilegur munur er mikill, vitandi að flokkarnir þyrftu að fórna stefnumálum er eitt af meginéinkennum stjórnsækni. Strøm og Müller segja að ef stjórnarálafólk ætlar sér að hafa áhrif á opinbera stefnu, er nánast alltaf betra að vera í ríkisstjórn heldur en að

vera það ekki (Müller og Strom 1999, 6). Allir flokkarnir náðu að koma einhverjum af sínum málum að í stjórnarsáttmálanum. Allir flokkarnir eru stjórnsæknir og sýnir atburðarás stjórnarviðræðanna, og innihald stjórnarsáttmálans það svart á hvítu. Það að tveir þingmenn VG hafi ekki stutt sáttmálann og síðar sagt sig úr flokknum vegna þess hve mikið vantaði af stefnufestu og áherslum flokksins í ríkisstjórnina styður einnig við þá kenningu að VG hafi haft kjör eða stjórn á framkvæmdarvaldinu ofar á baugi en að koma stefnumálum sínum á dagskrá.

Sú staðreynd að allir flokkarnir fengu þó nokkur af sínum málum inn í stjórnarsáttmálann rennir einnig stoðum undir flokshollustukenninguna; að hugmyndafræði flokka skipti máli hvað varðar hugmyndafræðilegt innihald stefnumála. Einnig styrkir dæmi ríkisstjórnarflokkanna þriggja og stjórnarsáttmáli þeirra þá fullyrðingu að samsteypur og mikill munur á hugmyndafræði innan ríkisstjórnarflokka hafi neikvæð áhrif á það vægi sem flokkar hafa á hugmyndafræðilegt innihald stefnumála. Sést það í því að allir flokkarnir þurftu að semja frá sér sum af sínum stærstu málum.

Tengist það einnig þeirri staðreynd að sum stefnumála stjórnarflokkanna hafi farið nær orðrétt inn í stjórnarsáttmálann, sem styður við kenningu Dumont, Winter og Andeweg um hvernig hin flokkspólitíska samsetning samsteypunnar sé mikilvæg varðandi ráðstöfun ráðherraembætta og innihaldsefni sáttmálans. T.d. má nefna markmiðið um að tryggja fíklum viðunandi meðferðarúrræði með samvinnu dóms-, félags-, og heilbrigðiskerfis sem var orðrétt úr stefnu VG og markmiðið frá Sjálfstæðisflokknum um að hækka frítekjumark atvinnutekna aldra í 100 þúsund krónur á mánuði.

Enn er margt hulið á bakvið stjórnarmyndunarferlið sem hinn almenni borgari skilur ekki vel. Markmið þessarar ritgerðar var að reyna að varpa ljósi á samsteypuferlið, og áhrif þess á stefnumál stjórnarsáttmálans árið 2017. Kom ýmislegt áhugavert í ljós útfrá kenningum um stefnusækni, kjörsækni og stjórnsækni. Flokkar þurftu að semja frá sér mál og hægt er að halda því fram að þegar flokkar sem liggja á svo mismunandi stöðum á vinstri-hægri ás stjórnmálanna koma saman í ríkisstjórn munu málefnalegar fórnir eiga sér stað. Niðurstaðan er því að hvati flokkanna var fyrst og fremst stjórnsækinn. Markmið þeirra var fyrst og fremst að komast í ríkisstjórn og afleiðing þess var að hluti stefnumála þeirra komst í stjórnarsáttmálann. Þó hvatar flokkanna gætu einnig að hluta til fallið undir

stefnusækni og kjörsækni, er stjórnsæknin kjarni þess hvata sem lá að baki stjórnarmyndunarferlinu.

Heimildaskrá

- Alþingi. 2022. „Alþingiskosningar 2017“. Sótt 5. janúar 2022.
<https://www.althingi.is/thingmenn/althingiskosningar/kosningar-og-kosningaurslit/kosningar-fra-1919/althingiskosningar-2017/>
- Andeweg, R. B., Lieven de Winter, og Patrick Dumont, ritstj. 2011. *Puzzles of government formation: coalition theory and deviant cases*. Routledge/ECPR studies in European political science 73. London ; New York: Routledge.
- Bjarni Pétur Jónsson. 2021. „Andrés Ingi til liðs við Pírata“ *Rúv.is*. 29. nóvember. Sótt 8. janúar 2022. <https://www.ruv.is/frett/2021/02/10/andres-ingi-til-lids-vid-pirata-0>
- Bjarni Pétur Jónsson. 2017. „Ætla að hafna málefnsamningi flokkanna“ *Rúv.is*. 29. nóvember. Sótt 8. janúar 2022. <https://www.ruv.is/frett/aetla-ad-hafna-malefnasamningi-flokkanna>
- Dalton, Russell J., ritstj. 2002. *Parties without Partisans: Political Change in Advanced Industrial Democracies*. 1. publ. in paperback. Comparative Politics. Oxford: Oxford University Press.
- Framsóknarflokkurinn. 2017. „Kosningar 2017.“ Síðast uppfært 24. október 2017. Sótt 17. nóvember 2021.
<https://web.archive.org/web/20171024072813/http://framsokn.is/kosningar-2017>
- Framsóknarflokkurinn. 2017. „Efnahagsstjórnin þarf að þjóna fólkinu.“ Síðast uppfært 24. október 2017. Sótt 16. nóvember 2021.
<https://web.archive.org/web/20171023142838/http://framsokn.is/efnahagsmal/>
- Framsóknarflokkurinn. 2017. „Auðveldum ungu fólki fyrstu skrefin.“ Síðast uppfært 24. október 2017. Sótt 17. nóvember 2021.
https://web.archive.org/web/20171023105010/http://framsokn.is/ungt_folk_sviss_neska_leidin/
- Framsóknarflokkurinn. 2017. „Átaks er þörf í aðbúnaði aldraðra.“ Síðast uppfært 24. október 2017. Sótt 16. nóvember 2021.
https://web.archive.org/web/20171023143355/http://framsokn.is/malefni_aldradra/
- Framsóknarflokkurinn. 2017. „Innviðaupbygging er forgangsmál.“ Síðast uppfært 24. október 2017. Sótt 16. nóvember 2021.
https://web.archive.org/web/20171023142843/http://framsokn.is/heilbrigdismal_samgongumal_menntamal/
- Hartmann, Sebastian. 2015. *Partisan Policy-Making in Western Europe*. Wiesbaden: Springer Fachmedien Wiesbaden. <https://doi.org/10.1007/978-3-658-08197-3>.
- Hörður Ægisson. 2017. „Fjármagnstekjuskattur verður hækkaður í 22 prósent.“ *Vísir.is*. 29. nóvember. Sótt 22. desember 2021. <https://www.visir.is/g/2017633721d>

- Kristinsson, Gunnar Helgi. 2007. *Íslenska stjórnkerfið*. 2. útg., Uppfærð og Endurskoðuð. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Laver, Michael, og Norman Schofield. 1992. *Multiparty Government: The Politics of Coalition in Europe*. 1. issued in paperback, Repr. Comparative European Politics. Oxford: Oxford Univ. Pr.
- Mbl.is. 2017. „Greiða atkvæði gegn samningnum.“ 29. nóvember. Sótt 8. janúar 2022. https://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/11/29/greida_atkvaedi_gegn_samningnum/
- Müller, Wolfgang C., og Kaare Strom, ritstj. 1999. *Policy, office, or votes? how political parties in Western Europe make hard decisions*. Cambridge studies in comparative politics. Cambridge [England] ; New York: Cambridge University Press.
- Rúv. 2017. „Niðurstöður alþingiskosninga 28. október 2017.“ *Rúv.is*. Sótt 7. desember 2021. <https://www.ruv.is/x17>
- Sjálfstæðisflokkurinn. 2017. „Ferðamál.“ Síðast uppfært 22. október 2017. sótt 3. desember 2021. <https://web.archive.org/web/20171020192732/http://xd.is/malefnin/ferdamal>
- Sjálfstæðisflokkurinn. 2017. „Félags- og tryggingamál.“ Síðast uppfært 22. október 2017. sótt 3. desember 2021. <https://web.archive.org/web/20171018202554/http://xd.is/malefnin/felags-og-tryggingamal>
- Sjálfstæðisflokkurinn. 2017. „Heilbrigðismál.“ Síðast uppfært 22. október 2017. sótt 3. desember 2021. <https://web.archive.org/web/20171018152753/http://xd.is/malefnin/heilbrigdismal>
- Sjálfstæðisflokkurinn. 2017. „Kosningaáherslur Sjálfstæðisflokksins.“ Síðast uppfært 22. október 2017. Sótt 15. nóvember 2021. <https://web.archive.org/web/20171022050158/http://xd.is/kosningaaherslur/>
- Sjálfstæðisflokkurinn. 2017. „Lög og réttur.“ Síðast uppfært 22. október 2017. Sótt 3. desember 2021. <https://web.archive.org/web/20171020182845/http://xd.is/malefnin/log-og-rettur>
- Sjálfstæðisflokkurinn. 2017. „Málefni útlendinga.“ Síðast uppfært 22. október 2017. Sótt 3. desember 2021. <https://web.archive.org/web/20171018152852/http://xd.is/malefnin/malefni-utlendinga>
- Sjálfstæðisflokkurinn. 2017. „Mennta- og menningarmál“ Síðast uppfært 22. október 2017. Sótt 3. desember 2021. <https://web.archive.org/web/20171018200142/http://xd.is/malefnin/mennta-og-menningarmal>

- Sjálfstæðisflokkurinn. 2017. „Nýsköpun, rannsóknir og vísindastarf“ Síðast uppfært 22. október 2017. Sótt 10. desember 2021.
<https://web.archive.org/web/20171020185230/http://xd.is/malefnin/nyskopun-rannsoknir-og-visindastarf>
- Sjálfstæðisflokkurinn. 2017. „Ríkisfjármál.“ Síðast uppfært 22. október 2017. Sótt 3. desember 2021.
<https://web.archive.org/web/20171026191750/http://xd.is/malefnin/rikisfjarmal>
- Sjálfstæðisflokkurinn. 2017. „Samgöngu- og fjarskiptamál.“ Síðast uppfært 22. október 2017. Sótt 3. desember 2021.
<https://web.archive.org/web/20171020201311/http://xd.is/malefnin/samgongu-og-fjarskipta>
- Sjálfstæðisflokkurinn. 2017. „Skattamál.“ Síðast uppfært 22. október 2017. Sótt 3. desember 2021.
<https://web.archive.org/web/20171020200719/http://xd.is/malefnin/skattamal>
- Sjálfstæðisflokkurinn. 2017. „Umhverfis -og auðlindamál.“ Síðast uppfært 22. október 2017. Sótt 3. desember 2021.
<https://web.archive.org/web/20171018212444/http://xd.is/malefnin/umhverfismal>
- Sjálfstæðisflokkurinn. 2017. „Utanríkismál.“ Síðast uppfært 22. október 2017. Sótt 3. desember 2021.
<https://web.archive.org/web/20171020185904/http://xd.is/malefnin/utanrikismal>
- Strøm, Kaare W., og Benjamin Nyblade. 2009. *Coalition Theory and Government Formation*. Ritstýrt af Carles Boix og Susan C. Stokes. B. 1. Oxford University Press.
<https://doi.org/10.1093/oxfordhb/9780199566020.003.0032>.
- Stjórnarráð Íslands. 2021. „Framgangur stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnar 2017-2021“ Síðast uppfært 23. nóvember 2021. Sótt 12. desember 2021.
<https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/sogulegt-efni/stadaadgerda/?&raduneyti=4&kafla=-1&adgerd=-1>
- Stjórnarráð Íslands. 2021. „Ráðuneyti Katrínar Jakobsdóttur.“ Síðast uppfært 6. september 2019. Sótt 15. nóvember 2021.
<https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/sogulegt-efni/um-rikisstjorn/2017/11/30/Raduneyti-Katrinar-Jakobsdottur/>
- Stjórnarráð Íslands. 2017. *Sáttmáli Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs um ríkisstjórnarsamstarf og eflingu Alþingis*. Reykjavík: Stjórnarráð Íslands.
- Stjórnarráð Íslands. 2021. „Skipan ríkisstjórnar.“ Síðast uppfært 30. júlí 2021. Sótt 7. desember 2021.
<https://web.archive.org/web/20210730204044/https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/skipan-rikisstjornar/>

- Vinstrihreyfingin - grænt framboð. 2017. „Atvinnugreinar.“ Síðast uppfært 10. október 2017. Sótt 16. nóvember 2021
<https://web.archive.org/web/20171012035058/http://vg.is/kosningar2017atvinnugreinar/>
- Vinstrihreyfingin - grænt framboð. 2017. „Áfram stelpur.“ Síðast uppfært 10. október 2017. Sótt 18. nóvember 2021.
<https://web.archive.org/web/20171012035103/http://vg.is/stefnan/kosningar2017afram-stelpur/>
- Vinstrihreyfingin - grænt framboð. 2017. „Efnahagsstjórn fyrir fólkið í landinu.“ Síðast uppfært 10. október 2017. Sótt 16. nóvember 2021.
<https://web.archive.org/web/20171012035109/http://vg.is/stefnan/kosningar2017efnahagsstjorn/>
- Vinstrihreyfingin - grænt framboð. 2017. „Friðsamleg alþjóðasamskipti.“ Síðast uppfært 10. október 2017. Sótt 8. desember 2021.
<https://web.archive.org/web/20171012034959/http://vg.is/stefnan/kosningar2017fridsamleg-althjodasamskipti/>
- Vinstrihreyfingin - grænt framboð. 2017. „Græn framtíð.“ Síðast uppfært 10. október 2017. Sótt 2. desember 2021.
<https://web.archive.org/web/20171012035206/http://vg.is/stefnan/kosningar2017graen-framtid/>
- Vinstrihreyfingin - grænt framboð. 2017. „Heilbrigt samfélag.“ Síðast uppfært 10. október 2017. Sótt 7. desember 2021.
<https://web.archive.org/web/20171012034754/http://vg.is/stefnan/kosningar2017heilbrigt-samfelag/>
- Vinstrihreyfingin - grænt framboð. 2017. „Menntun fyrir alla.“ Síðast uppfært 10. október 2017. Sótt 9. desember 2021.
<https://web.archive.org/web/20171012035245/http://vg.is/stefnan/kosningar2017menntun/>
- Vinstrihreyfingin - grænt framboð. 2017. „Skapandi samfélag.“ Síðast uppfært 10. október 2017. Sótt 18. nóvember 2021.
<https://web.archive.org/web/20171012035114/http://vg.is/stefnan/kosningar2017skapandi-samfelag/>
- Vinstrihreyfingin - grænt framboð. 2017. „Stefnan.“ Síðast uppfært 10. október 2017. Sótt 18. nóvember 2021.
<https://web.archive.org/web/20171010210415/http://vg.is/stefnan/>
- Vinstrihreyfingin - grænt framboð. 2017. „Unga fólkið er framtíðin.“ Síðast uppfært 10. október 2017. Sótt 3. desember 2021.
<https://web.archive.org/web/20171012035120/http://vg.is/stefnan/kosningar2017ungtfolk/>

Vinstrihreyfingin - grænt framboð. 2017. „Velferðarsamfélag fyrir alla.“ Síðast uppfært 10. október 2017. Sótt 3. desember 2021.
<https://web.archive.org/web/20171012034727/http://vg.is/stefnan/kosningar2017/velferdarsamfelag/>

Vinstrihreyfingin - grænt framboð. 2017. „Völdin til fólksins“ Síðast uppfært 10. október 2017. Sótt 18. nóvember 2021.
<https://web.archive.org/web/20171012034747/http://vg.is/stefnan/kosningar2017/voldin-til-folksins/>

Vinstrihreyfingin - grænt framboð. 2017. „Greiðar leiðir“ Síðast uppfært 10. október 2017. Sótt 18. nóvember 2021.
<https://web.archive.org/web/20171012034721/http://vg.is/stefnan/kosningar2017/greidar-leidir/>

Þingsályktun um þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland. Þskj. 1166, 327. mál, 2015-2016.
Vefútgáfa Alþingistíðinda. Sótt 21. desember 2021.
<https://www.althingi.is/altext/145/s/1166.html>